

Garðabær
Anna María Guðmundsdóttir
Garðatorg 7
210 Garðabær

Reykjavík, 26. september 2022
UST202208-291/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Vetrarmýri og Smalaholt, íþróttá- og útivistarsvæði í Garðabæ

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 29. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir Vetrarmýri og Smalaholt, íþróttá- og útivistarsvæði í Garðabæ.

Í greinargerð kemur fram að skipulagstillagan nær yfir golfvöll Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar (GKG) í Vetrarmýri og útivistarskóg Skógræktarfélags Garðabæjar í Smalaholti. Deiliskipulagið tekur líka til breyttrar og framlengdrar legu Vífilsstaðavegar að Kjávöllum. Skipulagssvæðið er um 130 ha.

Vífilsstaðavatn

Umhverfisstofnun bendir á að fjalla þarf um verndargildi friðlandsins og markmið friðlýsingar í lýsingu. Vífilsstaðavatn og nágrenni var friðlýst sem friðland árið 2007.¹ Friðlýsingunni er ætlað að stuðla að varðveislu og viðhaldi náttúrulegs ástands vatnsins og styrkja verndun tegunda og samfélagsgerðar með sérstæðum stofnum bleikju, urriða, áls og hornsíla í vatninu. Hornsílin í vatninu eru mjög sérstök þar sem þau skortir kviðgadda. Töluvert af andfuglum verpa við vatnið og mófuglar umhverfis það. Markmið með verndun nærsvæðis vatnsins er að tryggja eðlilegt grunnvatnsstreymi til þess og viðhalda náttúrulegu gróðurfari svæðisins. Enn fremur er það markmið friðlýsingarinnar að treysta útivistar-, rannsókná- og fræðslugildi svæðisins.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um friðlandið í tillögunni og að þeir umhverfisþættir sem skoðaðir eru í tillögunni taki mið af verndargildi friðlandsins. Auk þess leggur stofnunin áherslu á að tillagan hafi jákvæð áhrif á friðlandið.

Friðlýsingarmörk Vífilsstaðavatns og nágrennis

Í greinargerð kemur fram að breyta þarf afmörkun friðlýsingarinnar í samráði við Umhverfisstofnun þannig að hún nái ekki yfir áætlað nýtt vegstæði.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að það er ráðherra sem fer með málefni náttúruverndarlaga sem tekur ákvörðun um afnám eða breytingu friðlýsingar skv. ákvæði 44. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um afnám eða breytingu friðlýsingar. Greinin kveður á um að það sé aðeins heimilt að afnema eða breyta friðlýsingu á þann hátt að það dragi úr verndinni ef verndargildið hefur rýrnað það mikið að forsendur fyrir verndinni eru ekki lengur til staðar og ef mjög brýnir samfélagslegir hagsmunir krefjast þess. Því þarf að rökstyðja hvort og þá hvers vegna annað hvort skilyrðið eigi við í þessu tilfelli.

¹ https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/vifilstadavatn_1064_2007.pdf



UMHVERFIS

STOFNUN

Umhverfisstofnun bendir á að rétt sé að skoða nánar hvort fyrirhugaðar framkvæmdir hafi neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins þannig að breyta þurfi friðlýsingunni eða hvort unnt er að veita leyfi fyrir framkvæmdinni að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Stofnunin getur ekki lagt mat á það á þessu stigi máls.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur